



TÓNSKÓLI  
ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Námsskrá 2009

## EFNISYFIRLIT

Skipulag organistamenntunar

Kirkjuorganistapróf

Kantorspróf

Einleiksáfangi

BA-gráða í kirkjutónlist

Námskröfur

Námsmat

Yfirlit yfir námsáfangana organistanáms

Starfsnám organista

- Kirkjuorganistapróf
- Kantorspróf
- Einleiksáfangi
- BA-gráða

Kynningarnámskeið

Hjálparnámskeið

Stytttri námskeið (*Masterclasse*)

Áfangalýsingar - aðalgreinar

Orgelleikur

Litúrgískur orgelleikur

Kórstjórn

Áfangalýsingar - stuðningsgreinar

Píanó

Söngur

Hljómborðsleikur

Áfangalýsingar - bóklegar greinar

Kirkjufræði

Kirkjusöngfræði

Sálma & helgisiðafræði

Orgelfræði

Tónfræðagreinar

Stuðningur og endurmenntun

Hjálparnámskeið

Kórstjórnarnám

Fjarnám

Stytttri námskeið

Kynningarnámskeið

Starfsstöðvar utan Reykjavíkur

Viðbætur

Saga og þróun

Hlutverk og markmið

Um stjórnun skólans

## **Skipulag organistamenntunar**

Tónskóla Þjóðkirkjunnar er ætlað að halda uppi kennslu í kirkjutónlist og litúrgískum fræðum og mennta organista til starfa við kirkjur landsins. Boðið er uppá fjórar námsbrautir; Kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði, Einleiksáfangi og BA-gráðu í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

### **Kirkjuorganistapróf**

Kirkjuorganistapróf er hugsað sem lágmarksmenntun fyrir organista við kirkjur í fámennari söfnuðum og til afleysinga. Ljúka þarf miðstigi í orgelleik, litúrgískum orgelleik I, kórstjórn I, grunnprófi í söng auk kirkjulegra fræðigreina.

### **Kantorspróf**

Kantorspróf veitir starfsréttindi til að starfa sem organisti innan Þjóðkirkjunnar. Nemendur stunda nám í orgelleik (*framhaldspróf*), litúrgískum orgelleik II og III, kórstjórn II og III, söng auk kirkjulegra fræðigreina.

### **Einleiksáfangi**

Einleiksáfangi er viðbótarnám að loknu kantorsprófi fyrir þau sem vilja afla sér meiri menntunar í orgelleik.

### **BA-gráða í kirkjutónlist**

Námið er í samvinnu Listaháskóla Íslands og Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Námið opnar möguleika á framhaldsnámi til Mastersgráðu í kirkjutónlist við tónlistarháskóla erlendis og mun veita kirkjunni hæfustu organista sem völ er á.

## **Námskröfur**

Nemandi skili 80% mætingu í allar greinar, þar sem það á við, og skili verkefnum og prófum samkvæmt námskrá. Hluti námsins felst í að koma fram opinberlega á tónleikum. Lögð er áhersla á að allir nemendur komi fram minnst einu sinni á hverri önn.

## **Námsmat**

Nemendur fá einkunnir fyrir próf og verkefni og skriflega umsögn frá kennurum sínum í öllum fögum. Einkunnir eru gefnar fyrir ástundun og árangur.

## **Yfirlit yfir námsáfanga organistanáms**

### **Starfsnám organista – Kirkjuorganistapróf, Kantorspróf, Einleiksáfangi og BA-gráða í kirkjutónlist**

Námið er sett upp sem hér segir; eitt-tvö ár til að ljúka Kirkjuorganistaprófi (hægt að stunda meðfram framhaldsskólanámi) og þrjú ár til að ljúka Kantorsprófi eða þrjú ár til að ljúka BA-gráðu + tvö-þrjú ár til að ljúka Mastersprófi í kirkjutónlist við tónlistarskóla erlendis. Námsgreinum er raðað saman í áfanga eða námskeið og hvert námskeið er metið til eininga.

## Kirkjuorganistapróf

Inntökuskilyrði. Þarf að hafa lokið miðstigi í píanói.

*Aðalgreinar*

Orgel (*þarf að ljúka miðstigi*)

Litúrgískur orgelleikur I

Kórstjórn I

*Stuðningsgreinar*

Söngur (*þarf að ljúka grunnstigi*)

Hljómborðsleikur - bókstafahljómar

*Bóklegar greinar*

Kirkjufræði I

Kirkjufræði II

Kirkjusöngfræði I - Grunnur

Kirkjusöngfræði II - Tónbókmenntir

1. ár	
1.önn	2.önn

Einingar

Aðalgreinar			
ORG	Orgel ( <i>miðstig</i> )	2	2
LTO-104	Litúrgískur orgelleikur I	2	2
KÓS-104	Kórstjórn I	2	2
<b>Stuðningsgreinar</b>			
SÖN	Söngur ( <i>grunnstig</i> )	1	1
HBL-121	Hljómborðsleikur - bókstafahljómar		1
<b>Bóklegar greinar</b>			
KFR -102	Kirkjufræði I	2	
KFR-201	Kirkjufræði II		1
KSF-101	Kirkjusöngfræði - Grunnur	1	
KSF-201	Kirkjusöngfræði -Tónbókmenntir		1
	<b>SAMTALS EININGAR</b>	<b>10</b>	<b>10</b>

## Kantorspróf

Aðalgreinar

Orgel (*þarf að ljúka framhaldsstigi*)

Litúrgískur orgelleikur II og III

Kórstjórn II og III

Stuðningsgreinar

Aukahljóðfæri / Píanó

Söngur (*þarf að ljúka miðstigi*)

Tölusettur bassi

Bóklegar greinar

Sálma & Helgisiðafraði

Orgelfraði

1. ár		2. ár	
1.önn	2.önn	3.önn	4. önn

Einingar

### Aðalgreinar

ORG	Orgel ( <i>framhaldsstig</i> )	2	2	2	2
LTO	Litúrgískur orgelleikur, LTO II og LTO III	2	2	2	2
KÓS	Kórstjórn, KÓS II og KÓS III	2	2	2	2
<b>Stuðnings greinar</b>					
SÖN	Söngur ( <i>miðstig</i> )	1	1	1	1
HBL	Hljómborðsleikur – HBL 101Tölusettur bassi			1	
<b>Bóklegar greinar</b>					
SFR	Sálma & helgisiðafraði, SFR 102, SFR 202, SFR 302		2	2	2
OFR	Orgelfraði, OFR 102, OFR 201	2	1		
	<b>SAMTALS EININGAR</b>	<b>9</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>9</b>

## Einleiksáfangi

Einleiksáfangi er viðbótarnám að loknu kantorsprófi fyrir þau sem vilja afla sér meiri menntunar í orgelleik. Náminu lýkur með opinberum tónleikum, þar sem flutt er heil efnisskrá stærri orgelverka.

## BA-gráða í Kirkjutónlist

180 eininga nám - í samvinnu við Listaháskóla Íslands

Inntökuskilyrði. Þarf að hafa lokið Kirkjuorganistaprófi eða sambærilegri menntun auk inntökuprófs. Sjá skipulag námsins [hér](#).

### **Kynningarnámskeið**

ORG100 Kynningarnámskeið (*gefur ekki einingar*).

Námskeiðið er ætlað fyrir ungt fólk með miðstig á píanó. Nemandi fær kynningu á orgelinu og námskrá Tónskólans. Hann fær fjóra einkatíma á orgel og fylgist með hóptímum í orgelleik.

### **Hjálparnámskeið**

ORG110 Hjálparnámskeið (*gefur ekki einingar*).

Námsgögn fyrir þetta námskeið innihalda stutta kynningu á kirkjunni og hvað hún stendur fyrir ásamt stefnumótun hennar og tónlistarstefnu, starfsreglum organista og upplýsingavef kirkjunnar. Verklegt nám er sett upp sem tvö helgarnámskeið með reyndum organista. Þar er fjallað um kirkjuárið, helgisiði, kirkjulegar athafnir og messusöng á Íslandi. Farið er yfir sálmabókina og veitt innsýn í hefðir kirkjunnar varðandi sálmaval og flutning þeirra. Kynntur er sá messusöngur er notaður er í kirkjunni. Í lok námskeiðs leggur leiðbeinandi mat á stöðu nemenda miðað við námskrá Tónskólans.

### **Stytttri námskeið**

Tónskólinn hefur iðulega boðið nemendum og starfandi organistum styttri námskeið (*Masterclasse*) á ýmsum sviðum sem bæði nýtast nemendum skólans og einnig organistum í starfi til símenntunar.

## Áfangalýsingar aðalgreina

### **Orgelleikur**

Almenn námslýsing

Aðalgrein hljóðfæraleiks. Kennt er samkvæmt námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af Menntamálaráðuneytinu.

Námsmat

Nemendur fá umsögn frá kennara fyrir frammistöðu og ástundun. Nemendur leika 2-3 mismunandi verk fyrir prófdómara eftir hvern námsvetur, annað hvort í prófi eða á tónleikum.

Námsáfangar

Áfangapróf eru tekin samkvæmt námskrá Menntamálaráðuneytisins. Um er að ræða sambærilegt nám og miðstig og framhaldsstig. Auk þess þarf að undirbúa efnisskrá fyrir lokatónleika.

### **Litúrgískur orgelleikur**

Markmið

Að nemandi öðlist færni í að leika á orgel við kirkjulegar athafnir og guðsþjónustur.

Forkröfur

Viðkomandi þarf að vera kominn áleiðis í miðnámi á orgel.

Heimanám

Gera þarf ráð fyrir reglulegum æfingum og undirbúningi verkefna milli tíma í öllum áföngum. Miðað er við að nemendur fái 45 mínútna kennslutíma á viku þ.m.t. starfsþjálfun.

*Litúrgískur orgelleikur til kirkjuorganistaprófs*

Áfangalýsingar

LTO I (2 annir, 4 einingar)

Lýsing

Hér er um að ræða þann þátt orgelleiksins er snýr að undirleik við kirkjulegar athafnir og guðsþjónustur. Í honum felst þekking á messuformi og kirkjuári og færni til að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng. Einnig val á viðeigandi tónlist og færni til að semja eða leika af fingrum fram forspil að sálmum, tengingar eða undirleik og þannig skapa stemningu við hæfi.

Miðað er við að nemendur fái 45 mínútna kennslutíma á viku auk starfsþjálfunar sem er hluti áfangans. Nemendur þurfa í starfsþjálfuninni að undirbúa og taka þátt í tveimur æfingamessum undir leiðsögn kennara og í samstarfi við prest. Mælt er með því að tveir nemendur séu saman í starfsþjálfunarhlutanum.

Markmið

Lögð áhersla á að nemandinn geti leikið sálmalög íslensku sálmabókarinnar með fótspili, rétt og af nákvæmni. Áhersla lögð á viðeigandi áherslur (articulation), hraða og raddval bæði með tilliti til stíls og uppruna laganna, texta og

textainnihalds. Útbúa stutt forspil að sálum. Lögð áhersla á messuformið, kirkjuárið, sálmaval og messusvör – messu I og II auk Hátíðatóns sr. Bjarna Þorsteinssonar. Lögð áhersla á að losa um hömlur varðandi leik af fingrum fram með einföldum æfingum og örva sköpunargleði.

Námsmat

Umsögn kennara og próf

*Litúrgískur orgelleikur til kantorsprófs / Ba-gráðu*

LTO II Litúrgískur orgelleikur, LTO 0102 og 0202, (2 annir, 4 einingar)

Lýsing

Inntak námsins snýr að orgelleik við kirkjulegar athafnir og guðspjónustur. Nemandi öðlist þekkingu á messuformi og kirkjuári, færni til að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng og geti samið eða leikið af fingrum fram stutt sálmaforspil. Lögð er áhersla á að nemandi þjálfist í tónflutningi. Miðað er við að nemendur fái eina klukkustund á viku.

Markmið

Að nemandinn geti leikið sálmalög íslensku sálmabókarinnar af öryggi og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil. Nemandi öðlist færni í hljómsetningu sálmalaga og geti spunnið stutt og einföld sálmaforspil. Nemandi öðlist þekkingu á messuforminu og sálmavali með tilliti til kirkjuársins. Nemandi geti útbúið sálmaforspil.

Námsmat

Umsögn kennara og próf

LTO III Litúrgískur orgelleikur, LTO 0302 og 0402, (2 annir, 4 einingar)

Lýsing

Inntak námsins snýr að orgelleik við kirkjulegar athafnir og guðspjónustur. Nemandi öðlist þekkingu á messuformi og kirkjuári og færni til að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng. Nemandi geti samið eða leikið af fingrum fram stutt sálmaforspil, lengri sálmaforleiki, tengingar eða undirleik og valið viðeigandi tónlist fyrir helgihaldið. Lögð er áhersla á að nemandi þjálfist í tónflutningi og geti meðhöndlað cantus firmus í fleiri röddum en sópran. Miðað er við að nemendur fái eina klukkustund á viku.

Markmið

Að nemandinn geti leikið sálmalög íslensku sálmabókarinnar af öryggi og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil. Að nemandi hafi öðlast þekkingu á messuforminu, messusöng og sálmavali með tilliti til kirkjuársins. Nemandi geti útbúið stutt sálmaforspil og lengri sálmaforleiki með mismunandi aðferðum, hljómsett sálmalög í sálmabók, tónflutt sálmalag upp eða niður um hálfþón og meðhöndlað cantus firmus í fleiri röddum en sópran. Nemandi kynnist spuna í ólíkum stíltegundum og geti útbúið styttri form til notkunar við helgihald.

Námsmat

Umsögn kennara og próf

Litúrgískur orgelleikur, LTO 0502 (einingar: 2)

Lýsing

10 daga námskeið með starfandi organista þar sem nemandi kynnist helstu meginþáttum í starfi kirkjutónlistarmannsins.

Nemandi;

- Taki þátt í undirbúningi og framkvæmd helgihalds í tveimur ólíkum söfnum
- Kynnist kórstarfi og taki þátt í kóræfingum kóra.
- Sitji samráðsfundi organista, presta og starfsfólks kirkjunnar.
- Kynnist uppbyggingu tónlistarstarfs í kirkjunni, þ.e. við helgihald, athafnir, tónleika o.s.frv.

Námsmarkmið

Að nemandinn kynnist meginþáttum organistastarfsins.

Námsmat

Umsögn kennara

### **Kórstjórn**

Almenn lýsing og markmið

Markmið námsins er að gefa nemendum nauðsynlega undirstöðu í kórstjórn í samræmi við kröfur íslensku þjóðkirkjunnar um menntun á kirkjutónlistarsviði. Í því felst að undirbúa kórverk, með eða án undirleiks, og stjórna flutningi þeirra við helgihald og á tónleikum. Nemandi öðlist tæknilega færni og þekkingu til að túlka og móta tónlistina á skýran hátt með tilliti til stíls, textainnihalds og stemmingar. Nemandinn öðlist þekkingu á uppbyggingu kórastarfs, skipulagi kóræfinga, raddmótun og viðeigandi verkefnavali. Miðað er við að kennsla hvers áfanga sé a.m.k. ein klst. á viku allan veturinn.

Kórstjórn I (2 annir, 4 einingar)

Lýsing

Undirstöðuatriði kórstjórnar; slagtekni, samvinna hægri og vinstri handar, hendingamótun, mismunandi takttegundir. Grundvallaratriði raddþjálfunar og upphitun radda. Hluti námsins felst í að fylgjast með kóræfingum hjá reyndum kórstjórum.

Markmið áfanga

Nemandi læri að slá grunntakttegundir (2,3 og 4) með skýru, taktföstu slagi. Nemandi hafi vald á taktslagi fyrir mismunandi styrkleika. Nemandi kunni skil á sjálfstæðri notkun handanna við túlkun kórstjóra. Nemandi öðlist þekkingu á tilgangi raddþjálfunar í kórstarfi. Nemandi öðlist færni til að stjórna fjögurra radda sálmalagi og einfaldri hómófónískri þriggja til fjögurra radda mótettu. Nemandi öðlist færni í að kenna hreyfisöngva og leiða almennan song.

Prófkröfur

1. Verklegt próf:

Stjórna tveim ólíkum undirbúnum verkefnum, t.d. sálmlagi og lítilli mótettu.

Vægi 60%

Kenna hreyfisöng. Vægi 10.0%

2. Munnlegt próf:

Grunntækni kórstjórnar, þekking á raddþjálfun og skipulagningu kóræfinga.

Vægi 30%

Námsmat

Umsögn kennara og próf

Kórstjórn II (2 annir, 4 einingar)

Lýsing

Farið dýpra í mótun og túlkun kórverka frá mismunandi tímabilum. Áhersla á yfirferð á kórefni í mismunandi stíltegundum, sem nemendur öðlist æfingu í að stjórna. Farið í uppbyggingu kóræfinga og raddmótun. Undirstöðuatriði í kennslufræði og raddmótun barnakóra.

Markmið áfanga

Nemandi læri að slá allar nauðsynlegar takttegundir með skýru taktföstu slagi. Nemandi nái valdi á fjölbreyttum túlkunarmöguleikum taktslags. Nemandi nái vald á sjálfstæðri notkun handanna við túlkun kórverka. Nemandi fái þekkingu á raddþjálfun í kórstarfi. Nemandi geti stjórnað gregorskum messusöngvum, fjögurra til sex radda mótettum og fjögurra radda pólýfónískum messuþáttum. Nemandi öðlist þekkingu og færni í góðri skipulagningu og stjórn kóræfinga. Nemandi æfist í að kenna söfnuði sálmög og keðjusöngva.

Prófkröfur

1. Verklegt próf, undirbúin verkefni:

Stjórna gregorskum söng. Vægi. 20%

Stjórna mótettu. Vægi 20%

Stjórna fjölradda (polyfónískum) þætti. Vægi 20%

2. Verkefni og óundirbúið efni

Skila áætlun fyrir kóræfingu með upphitun, raddþjálfun og æfingu radda fyrir verkefni sem afhent minnst 5 dögum fyrir próf og nemandi vinnur á eigin spýtur. Vægi 20%

Stjórna óundirbúna verkefninu og sýna verklega þætti úr áætlun eftir óskum prófdómara og

svara spurningum. Vægi 20%

Námsmat

Umsögn kennara og próf

Kórstjórn III (2 annir, 4 einingar)

Námslýsing

Lögð áhersla á yfirferð og túlkun stærri kórverka. Hljómsveitarstjórn.

Raddmótun.

Námsefni

Kantötur, mótettur, óratoríur og messur ýmissa höfunda frá ólíkum tímabilum.

Námsmat

Verklegt próf í lok áfanga.

1. Stjórna recitatívi. Vægi 25%
2. Æfa og stjórna fjölradda (polyfónískum) þætti úr kantötu, óratoríu eða messu. Vægi 30%
3. Stjórna kafla úr fjölradda mótettu eða sambærilegu verki fyrir a cappella kór. Vægi 25%
4. Munnlegt próf. Sýna þekkingu á sviði hljóðfærafræði, raddmótun kórs, stíls og lesturs raddskráa. Vægi 20%

Námsmat  
Umsögn kennara og próf

## Áfangalýsingar - stuðningsgreinar

### Aukahljóðfæri / Píanó

Almenn námslýsing

Stuðningsgrein orgelleiks.

Kennt er samkvæmt námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af Menntamálaráðuneytinu.

### Söngur

Lýsing

Söngur er skyldugrein fyrir orgelnemendur. Nemendur fá 30 mínútna einkatíma á viku og hóptíma mánaðarlega. Söngnámið er miðað við hlutverk organista sem forsöngvara og kórstjóra. Áhersla er lögð á samsöng og að nemandi öðlist þá þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra. Meginþættir kennslunnar eru: raddbeiting, raddþjálfun, söngur og kennslufræði. Áhersla er lögð á líffræði raddarinnar og eðlilega beitingu líkamans.

Markmið

Söngkennslan er stuðningur við kórstjórnarnámið.

Námsmat

Umsögn kennara og próf.

### Hljómborðsleikur

Almenn námslýsing

Unnið út frá verklegri hljómfærafræði við hljómborðið í ýmsum stíltegundum. Unnið út frá grunnþjálfun í tölusettum bassa (barokk tónlist) og út frá bókstafshljómum (dægurtónlist / ritmísk tónlist). Grunnatriði hljómsetningar sálmalaga, almennra sönglaga og dægurtónlistar, tóntegundaskipti og tónflutningur.

Forkröfur: Kunna skil á almennri hljómfærafræði.

Námsáfangar

HLB 121 Bókstafshljómar (1 önn, 1 eining)

Markmið áfangans að kunna skil á kerfum bókstafshljóma, geta lesið úr þeim og hljómsett einföld lög. Námsefni: M.a. valin lög úr sálmabók barnanna og Íslensku sálmabókinni.

Prófkrafur: Hafa á valdi sínu aðalþríhljóma í öllum legum og tóntegundum,

kunna skil á og geta notað minnkaða og stækkaða hljóma, fimmundarganga og sjöundarhljóma.

HLB 101 Tölusettur bassi (1 önn, 1 eining)

Nemendur læra undirstöðuatriði í leik eftir tölusettum bassa. Æfðar verða niðurlagsæfingar í öllum tóntegundum ásamt tónflutningi í skyldar tóntegundir.

Námsefni: Georg Philipp Telemann: Singe-, spiel- und generalbassübungen,

Jesper Bøje Christensen: Die Grundlagen des Generalbassspiels im

18.Jahrhundert, o.fl.

Próf í lok annar.

## Áfangalýsingar - bóklegar greinar

### Almenn kirkjufræði

Námskeiðin kirkjufræði I. og II. standa yfir í tvær annir. Kennd er ein kennslustund í viku. Umræður fara fram í tímum og nemendur fá verkefni til úrlausnar. Þá er hægt að taka bæði námskeiðin í fjarnámi í gegnum netskólann.

### Kirkjufræði 102:

*Biblúfræði og trúfræði ( 1 önn, 2 einingar).*

Grunnefni: William Barclay: *Leiðsögn um Nýja testamentið* (ísl. þýðing Hreinn S.

Hákonarson), Skálholtsútgáfan 1993; og *Biblían frá grunni*, (ísl. þýðing Hreinn S.

Hákonarson), eftir Simon Jenkins, Skálholtsútgáfan 2005. Valdar greinar úr

tímaritum.

### Kirkjufræði 201:

*Kirkjufræði (1 önn, 1 eining)*

Grunnefni: Einar Sigurbjörnsson: *Embættisgjörð*, Skálholtsútgáfan 1996 (valdir

kaflar). Valdar greinar úr tímaritum.

### Kirkjusöngfræði

Áfangalýsingar

KSF 101 Kirkjusöngfræði I (1 önn, 1 eining)

Almenn lýsing og markmið

Markmið: Nemandi kynnist sálmabók íslensku kirkjunnar og sálmasöngshefð hennar. Unnið með kirkjuárssálma og sálma við kirkjuathafnir. Nemandi kynnist

almennri messu safnaðarins og grunnhugsun hennar og fræðist um

kirkjuathafnir. Námsþættir: Sögulegt yfirlit yfir messuhald á 19. öld og þróun

messusöngsins frá þeim tíma. Messusöngsbækur 19. og 20. aldar. Val á sálmum

við guðspjónustur. Messusöngvar.

Námsefni

Sálmabækur íslensku kirkjunnar, Handbók íslensku kirkjunnar 1981: I: Skýringar

og leiðbeiningar bls. 7-14. Valdar greinar.

Námsmat

Verkefni og próf

KSF 201 Tónbókmenntir kirkjunnar (1 önn, 1 eining)

### Lýsing

Farið yfir þá fjölbreyttu kirkjutónlist er við lýði er í nútímanum, frá Gregor til gospels. Stutt yfirlit yfir sögu vestrænnar kirkjutónlistar, helstu tónbókmenntir kirkjunnar og tónskáld fram á þennan dag. Hlustað á tóndæmi mismunandi tímabila og stíltegunda.

### Námsefni

Andrew Wilson Dickson: The Story of Christian Music, námsefni Tónskólans.

### Námsmat

Verkefni og próf

### Sálma- og helgisiðafraði

Sálma- og helgisiðafraði I (1 önn, 2 einingar)

#### Lýsing:

Rakin verður saga kirkjusöngs og helgisiða frá tíma frumkirkjunnar og fram yfir siðbreytingu. Áhersla verður lögð á þrjá megin þætti:

- Arfleifð frá Gyðingum, áhrif helgisiða þeirra, trúarkveðskaps og tónlistar á guðspjónustuhald frumkirkjunnar,
- Kirkjusöng frumkirkju og miðalda, þar á meðal hymnakveðskap og Gregorssöng,
- Breyting á helgisiðum og kirkjusöng við siðbreytingu.

#### Markmið:

Nemendur öðlist skilning og þekkingu á þróun guðspjónustuhalds og kirkjusöngs frá upphafi kirkju og fram að siðbót.

#### Námsmat:

Umræður, tónlistarflutningur, verkefni og próf.

Sálma- og helgisiðafraði II (1 önn, 2 einingar)

#### Lýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir almenna sálma- og helgisiðasögu kirkjunnar frá um 1600 og fram á okkar daga. Jafnframt verða hugmyndafræðilegar forsendur guðspjónustu og sálmasöngs skoðaðar. Lögð verður áhersla á að straumar og stefnur séu skoðuð með hliðsjón af tónlistar- og kirkjusögu. Sálmar verða skoðaðir fyrst og fremst frá tónlistarlegum forsendum, en einnig frá bókmenntalegum og guðfræðilegum sjónarhóli. Leitast verður við að tengja sögulega þáttinn við notkun á tónlist og öðru efni frá hinum ýmsu tímabilum í guðspjónustu kirkjunnar í dag.

#### Markmið.

Að nemendur fái yfirlit yfir hin ýmsu tímabili í sögu kirkjusöngs og helgisiða og kynnist hugmyndafræðilegum forsendum guðspjónustuhaldsins.

#### Námsmat:

Umræður, tónlistarflutningur, verkefni og próf.

Sálma- og helgisiðafraði III (1 önn, 2 einingar)

#### Lýsing:

Farið verður yfir þróun í guðspjónustuhaldi og kirkjusöng á Íslandi frá kristnitöku og fram á okkar daga. Starfsemi biskupsstólanna og skóla þeirra verður skoðuð. Einnig mikilvægar heimildir frá miðöldum, þar á meðal Þorlákstíðir. Rakin verður saga handbóka og sálmabóka frá siðbót. Mikilvægustu áhrifavaldar erlendis verða skoðaðir og farið yfir séríslensk einkenni.

Markið:

Að kynna fyrir nemendum íslenska guðspjónustu- og kirkjusöngssögu.

Námsmat:

Umræður, tónlistarflutningur, verkefni og próf.

**Orgelfræði** (1 önn, 3 einingar)

2 einingar bóklegt

1 eining verklegt

Verkefnaskil 65%

Próf 35%

Námslýsing:

Markmið námsins er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á uppbyggingu orgelsins, þekki sögu orgela síðustu 600 ár og séu færir um að gera bilanagreiningu ásamt því að gera við einfaldar bilanir.

**Námshlutar:**

**1. hluti: Orgelið (6 kaflar, 6 vikur)**

Verkefni byggjast upp á því að nemendur fara í orgel og leita svara við spurningum þar.

Einnig gera þeir lýsingar á hlutum orgels að eigin vali

Kennsla fer fram í fjarkennslu.

**2. hluti: Sagan (19 kaflar, ca. 9 vikur)**

Sögulegum hljóðfærum lýst. Hljóðdæmi fylgja á CD. Nemendur gera hljóðfæralýsingar frá hverju tímabili.

Kennsla fer fram í fjarkennslu.

**3. hluti: Verklegt**

Farið í orgelverksmiðju

Orgelskoðunarferð

Kennsla í stillingu tunguradda

Bilanagreining æfð

**Námsefni:**

Kennsluefni tekið saman af Eyþóri Inga Jónssyni

Prentaðar greinar úr ýmsum áttum

**Próf:**

Munnlegt próf: Spurningar prófdómara og greiningar á hlustunardæmum.

Verklegt próf: Stilling tunguraddar og greining einfaldrar bilunar.

### **Verkefni:**

Verkefnum skal skilað á réttum tíma. Líði lengra en ein vika frá skilafresti reiknast verkefni ekki með í einkunn. Nemandi verður að hafa skilað öllum verkefnum til að hafa rétt á próftöku.

### **Tónfræðagreinar**

Samkvæmt námskrá sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu. Hér er um að ræða almenna tónfræði, hljómfraði, tónheyrn og tónlistarsögu. Þessi fög eru kennd í almennum tónlistarskólum. Ljúka þarf miðstigi fyrir Kirkjuorganistapróf og framhaldsstigi fyrir Kantorspróf. Fyrir BA-gráðu í kirkjutónlist sjá; [www.lhi.is](http://www.lhi.is)

## **Stuðningur og endurmenntun**

### **Hjálparnámskeið**

Tónskólinn hefur sett saman sérstakt námskeið fyrir organista sem eru ráðnir í starf án tilskilinnar menntunar eða þekkja ekki hefðir íslensku kirkjunnar. Þetta námskeið er hugsað sem eins konar hjálp í viðlögum en veitir ekki starfsréttindi. Við lok námskeiðsins er lagt mat á hvað organistann vantar til starfsnáms með tilliti til námskrár Tónskólans.

### **Kórstjórnarnám**

Skólinn hefur boðið nám í kórstjórn og raddþjálfun sérstaklega og hefur það verið hugsað einkum fyrir stjórnendur barna- og unglingskóra. Kórstjórn er kennd vikulega og raddþjálfun er bæði kennd í einkatímum og hóptímum.

### **Fjarnám**

Eftirfarandi greinar er hægt að taka í fjarnámi: Kirkjufræði, kirkjusöngfræði, sálma & helgisiðafraði og orgelfraði. Verkefni eru uppsett þannig að ef nemandi skráir sig og fær sent námsefni, getur hann unnið námskeiðið hvenær sem er og lokið því með prófi. Einnig er kennt staðbundið ef þátttaka er næg.

### **Stytttri námskeið**

Tónskólinn hefur iðulega boðið nemendum og starfandi organistum styttri námskeið (*masterclass*) á ýmsum sviðum sem bæði nýtast nemendum skólans og einnig organistum í starfi til símenntunar.

### **Kynningarnámskeið**

Námskeið fyrir efnilega píanónemendum sem vilja kynna sér orgelnám og möguleika þess. Innifalið í námskeiðinu er kynning á hljóðfærinu, aðgangur að hóptímum, fjórir einkatímar á orgel og kynning á námskrá Tónskólans.

### **Starfsstöðvar utan Reykjavíkur**

Samvinna er við Tónlistarskólann á Akureyri og Kirkju & Menningarmiðstöðina í Fjarðabyggð með það að markmiði að hægt sé að ljúka þar Kirkjuorganistaprófi í samvinnu við Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

## Viðbætur

### Saga og þróun

Embætti söngmálastjóra var stofnað með lögum árið 1941. Kváðu lögin á um að söngmálastjóri skyldi vera söngfróður maður og vanur að kenna söngflokkum. Hann átti að halda námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeina þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoða þá við stofnun safnaðarsöngflokka, halda almenn námskeið í safnaðarsöng og vinna að því með prestum og organistum að íslenskur safnaðarsögnur verði sem almennastur og fegurstur. Fyrsti söngmálastjóri var Sigurður Birkis og gegndi hann starfinu frá 1941-1960. Hann stofnaði Söngskóla Þjóðkirkjunnar, þar sem kenndur var söngur, orgelleikur, kórstjórn og messusöngur. Námsstími var frá tveggja vikna námskeiðum upp í fjóra vetur. Síðar var nafninu breytt í Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Sigurður vann að því að stofna kirkjukóra og hafði forgöngu um stofnun kirkjukórasambanda innan prófastdæmanna. Hann stuðlaði einnig að stofnun Kirkjukórasambands Íslands, en hann var þess fyrsti formaður. Jón Ísleifsson var Sigurði til aðstoðar hin síðari ár og gegndi starfinu um skeið eftir lát hans. Róbert A. Ottósson tók við starfi söngmálastjóra 1961 og gegndi því þar til hann lést árið 1974. Hann hélt áfram starfi forvera síns, en jafnframt vann hann við að endurvefja klassískt messuform og fornan kirkjusöng meðal annars úr sálmabók og Grallara Guðbrands biskups, og gaf í þeim tilgangi út margvíslegt efni. Hann stofnaði Skálholtskór sem söng á Skálholtshátíðum og hann hélt fyrsta námskeið fyrir organista í Skálholti, sem síðar urðu árlegur liður í starfi söngmálastjóra, bæði sem námskeið fyrir organista og sem kóramót. Eftir lát Róberts tók Haukur Guðlaugsson við söngmálastjórn og gegndi því starfi þar til hann lét af störfum vegna aldurs sumarið 2001. Glúmur Gylfason leysti Hauk af í eitt ár. Haukur beitti sér fyrir að sett voru ný lög um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Þar voru sett skýrari ákvæði um verksvið söngmálastjóra og starfsemi Tónskólans lögfest. Þar segir meðal annars að hlutverk skólans sé að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði tónheyrn og öðru er að kirkjutónlist lýtur. Núverandi söngmálastjóri er Hörður Áskelsson. Námskrárvinna var hafin við Tónskólann um 1980 að frumkvæði Smára Ólasonar, síðar yfirkennara skólans. Þá var lagður grunnur að þeirri námskrá er í gildi hefur verið síðan. Vinna við þá námskrá er hér birtist hófst haustið 2001.

### Hlutverk og markmið

Hlutverk skólans er svo skilgreint í starfsreglum kirkjunnar um kirkjutónlist.

4. gr. Starfrækja skal Tónskóla Þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu, sbr. 3. gr. b) halda uppi kennslu í kirkjutónlist og litúrgískum fræðum og 3. gr. c) mennta organista til starfa. Skólinn starfar eftir námsskrá sem Kirkjuráð samþykkir. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni til að sinna málefnum. 5. gr. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Kirkjuráð getur samið við kirkjulega aðila, ríki, sveitarfélög eða aðra um þjónustu er skólanum er ætlað að veita skv. 2. gr. Aðalhlutverk Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að sjá til þessa að námsbraut sé til staðar fyrir verðandi organista. Hlutverk hans er einnig að sjá um framboð á símenntun og endurmenntun kirkjuorganista. Markmið með vandaðri menntun

kirkjuorganista eru aukin gæði í tónlistarstarfi kirkjunnar. Markmið þeirra gæða er að listræn framsetning og innihald tónlistar við helgihald nái að snerta sálarstrengi safnaðarmeðlima og skila fagnaðarerendinu og sunginni lofgjörð sem best.

Um stjórnun skólans

Úr starfsreglum kirkjunnar um kirjutónlist:

6. gr. Með yfirstjórn skólans fer þriggja manna stjórn, skipuð af Kirkjuráði til fjögurra ára, frá og með 1. júlí, árið eftir kjör til Kirkjuráðs. Kirkjuráð skipar þrjá varamenn frá sama tíma. Kirkjuráð velur formann og varaformann. Stjórnin ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni. 7. gr. Stjórnin gerir árlega starfs - og rekstraráætlun og leggur fyrir Kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs - og rekstrarár skólans er almanaksárið. Stjórn og skólastjóri skulu á hverju reikningsári semja ársreikning. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Stjórn og skólastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir Kirkjuráð. 8. gr. Stjórnin, í samráði við Kirkjuráð, ræður skólastjóra og setur honum erindisbréf. Skólastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn. Heimilt er að semja við annan aðila um rekstrarþjónustu við skólann svo sem um fjárhald og bókhald, rekstur húsnæðis, skrifstofu og upplýsingakerfis, annan almennan skrifstofurekstur og aðra sambærilega þætti. 9. gr. Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum stjórnar og ákvarðanir hennar. Fundargerðir skulu sendar Kirkjuráði reglulega. Skólastjórn skipa nú sr. Jón Helgi Þórarinsson formaður, Guðný Einarsdóttir og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Varamenn eru Kjartan Sigurjónsson og Dr. Einar Sigurbjörnsson. Einnig situr Hörður Áskelsson söngmálastjóri fundi skólastjórnar.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.